

mál sitt undir félagsfund i Kaupfélagi Árnesinga, því að enda þótt fyrrgreint ákvæði 4. gr. samþykktu kaupfélagsins hefði stöð i samvinnufélagalögnum og því gildi, en til þess þarf ekki að taka afstöðu hér, þá verður ekki litið á það öðruvisi en heimild, er stefnanda væri frjálst að nota, ef hann teldi sér það hagkvæmt, en hins vegar ekki þannig, að honum sé óheimilt að leggja mál sitt undir úrlausn dómstólanna, fyrr en hann hefur skotið framangreindri neitun stjórnarinnar undir félagsfund.

Í samræmi við framanskráð verður frávisunarkröfu stefnds ekki sinnt.

Um greiðslu málskostnaðar verður ákveðið i væntanlegum efnisdómi um málið.

Því úrskurðast:

Hinni framkomnu frávisunarkröfu verður ekki sinnt, en málið dæmt að efni til.

Miðvikudaginn 7. júní 1944.

Nr. 29/1944. **Gunnar Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Bifreiðastöð Reykjavíkur h/f og gagnsök
(Theódór B. Lindal).

Skaðabótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. marz þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 160849.34 með 5% ársvöxtum frá 14. des. 1943 til greiðsludags, svo og málskostnað bæði i héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 11. apríl þ. á., gerir hins vegar þær kröfur, að honum verði aðeins dæmt að greiða hæfilegar bætur eftir mati dómsins, að málskostnaður i héraði verði látinn falla niður og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Jóhanns

Sæmundssonar tryggingarlæknis, dags. 3. þ. m., þar sem hann lýsir örorku aðaláfrýjanda nú 33 $\frac{1}{3}$ %. Er til þessa er litið, þykir eiga að lækka heildarfjárhæð þá, er aðaláfrýjanda var dæmd í héraði, um kr. 5000.00 niður í kr. 55203.04.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Bifreiðastöð Reykjavíkur h/f, greiði aðaláfrýjanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 55203.04 með 5% ársvöxtum frá 14. des. 1943 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Gunnar trésmiður Guðmundsson, Sæbóli í Fossvogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. des. f. á. gegn stjórn Bifreiðastöðvar Reykjavíkur h/f f. h. félagsins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 160849.34, auk 5% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur og verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefnda hefur krafizt þess að verða aðeins dæmt til greiðslu hæfilegra bóta að mati dómara, og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. desember 1941 var stefnandi, ásamt konu sinni og syni, á leið frá heimili sínu í Fossvogi til Reykjavíkur. Ætlaði fólk þetta að fara með áætlunarbifreið, er kæmi frá Hafnarfirði, en er þau voru komin að þeim stað, er bifreiðin stöðvast venjulega á, var hún ekki þar. Héldu þau því áfram göngu sinni upp Fossvogsbrekkuna. Nokkru síðar urðu þau þess vör, að bifreiðin var að koma á eftir þeim og staðnæmdust þau því á vinstri vegarbrún og biðu hennar þar. Bifreiðin ók utarlega á vinstri vegarbrún og stóð stefnandi og fólk hans því svo tæpt á brúninni sem auðið var. Gaf stefnandi bifreiðinni merki um að nema staðar, en bifreiðarstjórinn veitti því ekki athygli og ók bifreiðin síðan á þau hjónin, en stefnandi virðist hafa ýtt syni sínum frá, svo að

hann sakaði ekki. Framvari bifreiðarinnar veitti stefnanda högg svo mikið, að báðir fótleggir brotnuðu og stefnandi hraut niður af veginum. Telur stefnandi bifreiðarstjórann á áætlunarbifreiðinni, sem var R 1068, eign stefnds, bera alla sök á slysinu, og beri stefnda því að bæta að fullu tjón það, er slysið hefur bakað honum.

Stefnda styður kröfur sínar í fyrsta lagi við það, að stefnandi hafi sjálfur átt verulega sök á slysi þessu, en í öðru lagi við það, að bótakröfur stefnanda séu hærri en nokkurri átt nái.

Um fyrri ástæðuna hefur þetta komið upp í málinu: Rétt áður en bifreiðin kom að stefnanda, óku tvær bifreiðar veginn á móti henni og höfðu svo skær ljós, að bifreiðarstjórinn sá ekki fram á veginn sakir ofbirtu. Dró hann þá úr hraðanum og ljósunum á bifreið sinni, en þetta varð til þess, að hann sá ekki stefnanda fyrir en um seinan.

Ekki þykir unnt að fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi sýnt vangæzlu með því að forða sér ekki af veginum, þar sem hann hafi séð bifreiðina í tæka tíð, enda verður ekki séð, að stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að svo var ástatt um bifreiðarstjórann sem hann heldur fram, og því er ómótmælt, að stefnandi hafi staðið svo tæpt á vegarbrún sem auðið var. Hins vegar verður að líta svo á, að bifreiðarstjórinn hafi hagað sér ógætilega við aksturinn, þegar svo var ástatt, að hann sá ekkert fram fyrir bifreiðina, því þá bar honum að sjálfsögðu að nema staðar, og vegna þeirrar háttsemi hans, að aka þrátt fyrir þetta áfram, telst stefnda eiga að bæta allt það tjón, er stefnandi hlaut af slysi þessu, sbr. 1. málsg. 34. gr. laga nr. 23 1941.

Kemur þá til álita fjárhæð bótanna. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1. Bætur fyrir fót	kr.	589.00
2. Bætur fyrir hatt	—	40.09
3. Keypt lyf	—	16.54
4. Bifreiðarkostnaður	—	8.50
5. Fargjöld með strætisvögnum	—	78.00
6. Reikningur frá Árna Björnssyni	—	150.00
7. Þjáningabætur	—	20000.00
8. Atvinnutjónsbætur árið 1942	—	19384.36
9. Atvinnutjónsbætur frá 1. jan. 1943 til 11. sept. s. á.	—	17188.38
10. Örorkubætur	—	109033.23
11. Bætur fyrir missi orlofsfjár	—	4361.33

Samtals kr. 170849.34

en frá þeirri fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 10000.00, sem vátryggingarfélagið hefur þegar greitt honum upp í bætur fyrir tjón

hans, og kemur þá út stefnukrafan. Stefnandi hefur jafnframt áskilið sér rétt til að krefja stefndan síðar um endurgjald það, er hann sjálfur kynni að verða krafinn um fyrir læknishjálp og sjúkrahúsvist.

Um 1 og 2. Föt stefnanda voru nýleg og notuð sem betri föt, og ljóst er, að þau hafa spillt mjög af blóði og aur og rifnað, en þrátt fyrir það verður ekki talið sannað, gegn mótmælum stefnds, að þau hafi orðið svo með öllu ónýtt, að bæta beri þau nýjum fötum. Bætur fyrir þessa tvo liði þykja hins vegar, miðað við framanskráð, hæfilegar kr. 350.00.

Um 3.—6. lið. Þessir liðir hafa ekki verið véfengdir og verða því teknir til greina óbreyttir.

Um 7. lið. Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landsspítalann, og kom þá í ljós, að hann hafði tvíbrotnað á hægri fæti, þannig að sköflungurinn var brotinn við hnéliðinn og inn í liðinn sjálfan og hluti sprengdur úr sköflungshausnum utanverðum og allmikið blóð komið í liðinn. Þá var sköflungurinn og þverbrotinn ofan við miðju, með nokkrum sprungum út frá brotstaðnum, og loks var kastið brotið af sperrileggnum. Á vinstra fæti var sköflungurinn brotinn rétt fyrir neðan hnélið og kastið brotið af sperrileggnum. Brotin greru seint og höfðust ekki vel við og gróf í vinstra fæti á þrem stöðum kringum hnélið. Eitt brotanna varð að höggva upp, er það greri skakkt, og olli það stefnanda miklum kvölum. Eftir fimm mánaða legu í Landsspítalanum var stefnandi fluttur heim til sín og lá þar undir læknishendi í mánuð, en í júlíbyrjun 1942 tók hann að fylgja fötum og var þá alger staur um bæði hné. Í októberlok s. á. leitaði stefnandi sér heilsulótar með nuddlækningum og tóku þær átta mánuði, en að þeim liðnum, er stefnandi hafði notið þessara lækniáðgerða 78 sinnum, hafði nokkuð liðkæzt um hnjáliði hans, en bæði gekk það seint og eins ollu ganghreyfingar honum þjáningum og erfiði, og komst hann aðeins stuttan spöl í einu með því að ganga við tvo stafi. Eftir nuddlækningarnar hefur stefnandi getað gengið um við staf og hefur af því rénandi þreytu og þrautir. Samt er hann haltur eftir, enda hefur vinstri fótur hans stytzt um 15 cm og bjúgvottur er í báðum fótum. Með hliðsjón af framanrituðu þykja bætur fyrir þjáningar stefnanda hæfilega metnar kr. 6000.00.

Um 8. og 9. lið. Fjárhæð þessara liða hefur stefnandi fengið út þannig, að hann hefur tekið meðaltal af tekjum þriggja trésmiða, sem stunduðu vinnu hjá sama meistara sem stefnandi vann hjá, er hann varð fyrir slysinu og stefnandi kveðst hafa átt visa vinnu hjá framvegis. Tekjur smiðanna eru taldar um þann tíma, sem stefnandi kveðst hafa verið óvinnufær með öllu, eða til 11. september 1943. Stefnda hefur mótmælt því, að slíkur meðaltalsreikningur geti skapað réttan grundvöll kröfunnar og auk þess

bent á, að hann er ekki í samræmi við örorkumat trúnaðarlæknis tryggingarstofnunarinnar, en samkvæmt því var örorka fyrstu 19 mánuðina eftir slysið 100% en lækkaði síðan um 10% hverja tvo hinna næstu 10 mánaða. Telur stefnda, að með hliðsjón af örorkumatinu geti stefnandi, þótt miðað sé við meðaltalstekjurnar, ekki reiknað sér hærrí „brúttótekjur“ til ágústloka 1943 en rúmlega 22 þúsund krónur, en þar að auki beri að taka tillit til þess, að hefði stefnandi aflað sér þeirra tekna á venjulegan hátt, hlyti hann að hafa verulegan tilkostnað við öflun þeirra. Hefur stefnda nefnt m. a. skatta, sumarleyfi, veikindadaga, verkfæra- og fataslit o. fl. Reiknast stefnda svo til, að hámark þeirra hreinna tekna, sem stefnandi hefði átt kost á að afla sér umrætt tímabil, sé nálægt 15 þúsund krónum. Með hliðsjón af öllu framanrituðu, svo og því, er upp hefur komið um atvinnuskilyrði í iðngrein stefnanda, bæði almennt og gagnvart honum sjálfum, þykja bætur fyrir atvinnutjón hans umrætt tímabil hæfilega ákveðnar kr. 22000.00.

Um 10. lið. Örorkubótakröfu sína hefur stefnandi rökstutt svo, að hann hefur notað meðaltalstekjur þær, er í 8. og 9. lið greinir til þess að reikna út árslaun sín. Varanleg örorka hans hefur verið metin á sama hátt og fyrr greinir 40%. Út frá þeim forsendum og miðað við aldur stefnanda, sem er 45 ára gamall, hefur tryggingarsérfræðingur reiknað fjárhæð þá, er stefnandi krefst. Stefnda hefur gert við þenna lið flestar hinar sömu athugasemdir sem við 8. og 9. lið, en auk þess mótmælt því, að áætlun sem þessa, sem gilda skal um langan tíma, megi miða við svo háar tekjur í krónutali, sem nú tíðkast. Jafnframt hefur stefnda bent á það, að örorkumat lækna sé fræðilegs og almenns eðlis, og verði því að beita við það varúð í hverju ákveðnu tilviki, enda beri og að lita á það, að stefnandi, sem er maður á bezta aldri, geti mjög bætt sér örorku sína með því að taka upp iðn eða atvinnu, er betur samrýmist vanheilsu hans. Með hliðsjón af því, sem upp hefur komið í málinu um fyrra starfshæfi stefnanda, tekjur hans næstu 7 ár fyrir slysið, svo og öðru því, er máli þykir skipta í þessu sambandi, þ. á m. verðgildis þess, sem peningar hafa nú, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 40000.00.

Um 11. lið. Aðiljar virðast vera á einu máli um það, að bætur samkvæmt þessum lið beri að miða við 10. lið, þannig að hann nemi 4% af örorkubótum, sbr. lög um orlof nr. 16/1943. Verður stefnda samkvæmt því dæmt til greiðslu kr. 1600.00.

Málalok verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 350.00, kr. 16.54, kr. 8.50, kr. 78.00, kr. 150.00, kr. 6000.00, kr. 22000.00, kr. 40000.00, kr. 1600.00, allt að frádregnum fyrrgreindum kr. 10000.00, er stefnandi hefur þegar þegið, eða

samtals kr. 60203.04, með vöxtum, eins og krafizt var og málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 3000.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd stjórn Bifreiðarstöðvar Reykjavíkur h/f f. h. félagsins greiði stefnanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 60203.04, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. des. 1943 til greiðsludags, og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1944.

Nr. 52/1944. **Flugfélag Íslands h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Harry Rosenthal og gagnsök

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skaðabótakrafa vegna flugslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. apríl s. l. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður. Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 10. maí s. l. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 50000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. apríl 1942 til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms og með hliðsjón af því, sem fram hefur komið um hagi gagnáfrýjanda, þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.